

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, hverfisvernd í Norðurbæ.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 6. júlí 2012 breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 27. júní 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 3. júlí 2012.

Breytingin felst í að óbyggð svæði milli lóða í íbúðarsvæði í Norðurbæ fá hverfisvernd sem felst í að þar má ekki raska landi né spilla minjum og er sérstaklega vísað til hraunmyndana.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 6. júlí 2012.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. júlí 2012